

# Verðlaunamyndirnar 2018



Ljósmyndari:  
Heiða Helgadóttir



## Ljósmynd ársins



Adrián hefur gaman af því að sitja í strætó og fylgjast með umhverfinu.



### Umsögn dómnefndar:

Sterk og marglaga ljósmynd sem varpar fram mörgum áleitnum spurningum. Æ fleiri börn fá greiningar sem er vaxandi samfélagsvandamál á heimsvísu. Myndin sýnir einhverfan dreng sem er í átökum við sjálfan sig. Hann er einn en gæti allt eins verið að horfa á eineggja tvíburabróður sinn. Á hvern er hann að horfa? Sjálfan sig eða bróður sinn? Er hann að horfa inn í framtíðina? Hann er í það minnsta í sínum eigin heimi að horfa út.



## Fréttamynd ársins



**Ljósmyndari:**  
Haraldur Jónasson  
(Hari)

*Húsbruni á Selfossi.  
Hús varð alelda á Selfossi.  
Slökkvilið Árnessýslu sinnir  
slökkvistarfi.*



### Umsögn dómnefndar:

Þessi ljósmynd hefur allt sem góð fréttamynd þarf að hafa. Bæði út frá fréttagildi þess atburðar sem hún sýnir sem og uppfyllir hún alla myndræna þætti slíkrar tegundar mynda. Raunverulegur atburður sem gæti allt eins verið sviðsmynd.

## Íþróttamynd ársins



**Ljósmyndari:**  
Sigtryggur Ari Jóhannsson

*Stuðningmenn Íslenska landsliðsins létu úrhellisrigningu ekki aftra sér frá því að fylgjast með leiknum við Argentínu í Hljómskálagarðinum.*



### Umsögn dómnefndar:

Myndin er mjög kraftmikil og sýnir glögg þau djúpstæðu áhrif sem íþróttir hafa á fólk. Miðlar á mjög skýran hátt tilfinningum fólks fyrir leiknum.



## Portraitmynd ársins



### Ljósmyndari:

Heiða Helgadóttir

„Eftir hvert einasta skipti sem pabbi var búinn að misnota mig sagði hann fyrirgefðu og lofði að gera þetta aldrei aftur“. Anna Kjartansdóttir ólst upp hjá dæmdum barnaníðingi og ofbeldisfullri stjúpu, en þau hlutu bæði dóma nýverið fyrir ofbeldið gegn henni. Faðir hennar 4 ára dóm en stjúpmóðir hennar fékk 10 mánuði.



### Umsögn dómnefndar:



Sterk og sönn mynd sem næst með tæknilegri nálgun – að hafa myndina án filters og hráa. Án allra kúnsta. Um er að ræða heiðarlega ljósmynd, af viðkvæmu málefni þar sem ljósmyndarinn nær að fanga það brothætta – það ósýnilega – og koma því til skila á áhrifaríkan hátt.

## Umhverfismynd ársins



### Ljósmyndari:

Eyþór Arnason

Tveir hvalir strönduðu í Engey. Hópur fólks kom þangað til að reyna að bjarga þeim. Annar hvalurinn drapst en það tókst að bjarga hinum.



### Umsögn dómnefndar:

Mjög grípani og sterk ljósmynd. Myndbyggingin er skemmtileg með tærum og sterkum litum. Auk myndræns gildis hennar er málefnið/myndefnið mikilvægt. Ljósmyndin fyllir áhorfandann samúð, sektarkennd og eftirsjá því hún sýnir – á mjög beinskýttan hátt – eitt af stóru vandamálum samtímans. Fær fólk til að hugsa um stöðu umhverfismála í samtímanum.

## Tímaritamynd ársins



**Ljósmyndari:**  
Hallur Karlsson

*Herra Hnetusmjör.*



### Umsögn dómnefndar:



Þessi ljósmynd af rapparanum Herra Hnetusmjöri er mjög vel heppnuð. Ljósmyndaranum tekst að búa til mjög einfalda mynd sem er um leið drekkhlaðin upplýsingum. Núið og það sem er að gerast þar; dægurmenning, tónlist og tíska. Hápunktur velgengninnar á því sviði – gull og grænir skógar.

## Daglegt líf – mynd ársins



**Ljósmyndari:**  
Aldís Pálsdóttir

*Fæðing.*



### Umsögn dómnefndar:

Ljósmyndarinn nær að athafna sig í óreiðukenndum aðstæðum. Hann sýnir okkur aðstæður í heimahúsi þar sem fólk er í senn í hversdagslegum og óhversdagslegum stellingum. Mjög margt er að gerast á myndinni en hann nær að einblína á tilfinningarnar og sársaukann sem eru allt umlykjandi.



## Myndaröð ársins



Tvívurabræðurnir Adam Eilífur og Adrián Valentín eru nýorðnir ellefu ára. Þeir eru báðir með dæmigerða einhverfu. Þeir hafa lítinn orðaforða en Adam er þó opnari og getur tjáð sig örlítið meira en Adrián sem er meiri dútlari.



Þeir bræðurnir eru afar samrýndir en Adrián er háðari Adam. Ef Adam skiptir til dæmis um þeytu gerir Adrián það líka, svo þeir séu örugglega alveg eins.




**Ljósmyndari:**  
Heiða Helgadóttir




Adrián á mikið af fallegum glimmer-gimsteinum sem hann elskar að skoða og handleika. Vasar hans eru líka alltaf fullir af þeim.




Adam hefur gaman af vatninu.




Adrián hefur gaman af því að sitja í strætó og fylgjast með umhverfinu.



Það sem fyrir flestum er einföld aðgerð getur reynst bræðrunum flókið. Hrund mamma þeirra fær hér hjálp frá Gullu vinkonu sinni við að klippa Adrián.



Bræðurnir eru í einhverfudeild í Foldaskóla þar sem þeim líður vel. Adam nýtur þess að róla í frímínútum meðan Adrián athugar með gimsteinana sína í vasanum.



Adam horfir út um gluggann í herbergi bræðranna í Hólabergi, þar sem þeir bræðurnir dvelja af og til í skammtímavistun.



### Umsögn dómnefndar:

Þessi myndasería sker sig frá öðrum sem sendar voru inn í keppnina að þessu sinni. Samræmi og hárnákvæm „editing“ sem þarf til að skapa heildstæða seríu renna hér saman áreynslulaust. Ljósmyndarinn hefur fundið leið til að fanga andrúmsloftið af mykt og samkennd. Hann nálgast viðfangsefnið á mjög sannfærandi hátt. Í ofanálag gefur serían frá sér sterkar táknrænar tilvísanir.